

Reykjavík, 19. maí, 1979.

Ágæta systir,

eftirfarandi plagg verður að skoðast sem algjört trúnaðarmál.

Tilgangur þess er tvíþættur, annars vegar gagnrýni á innra ástand Rauðsokkahreyfingarinnar, en hins vegar innlegg í umræðuna á fundinum 24.maí n.k.

Höfundar og aðstandendur þessa plaggs eru: Guðrún Ögmundsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Margrét Rún Guðmundsdóttir og Sólrún Gísladóttir.

Hefst nú mál vort.

Það er vitað mál að Rsh. hefur ýmsa vankanta og stefna hennar reikandi á hinum ýmsu tímum. En nú virðist Rsh. vera að afpólitísast. Þetta má ráða af ástandinu í vetur. Félagar virðast hafa haft meiri áhuga á því að starfa við menningardagskrár, (Kvenna hátíð, laugardagskaffi), vera í kórnum og starfa í þýðingarhóp, heldur en að beina sér að pólitískum verkefnum dagsins. Engin umræða um kvennapólitík hefur átt sér stað meðal almennra félaga, ekkert hefur verið rætt um orsakir kvennakúgunar, né heldur þá þætti er stuðla að frelsun konunnar (t.d. dagvistun f. börn, sjálf-ákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga, verkalyðsmál, sósíalisma). Eða hvernig stendur á því að dagvistarmál hafa ekki átt upp á pallborðið hjá Rauðsokkum nú í vetur, þegar við völd í borginni sitja þeir pólitísku flokkar, sem fyrir síðustu kosningar, lofuðu að gera stóráttak í dagvistarmálum. Síðan kemur í ljós, að þessir flokkar svíkja loforð sín og skera m.a.s. niður fjármagn til félagslegra framkvæmda. En ekkert heyrir frá Rsh. fyrr en 8.mars-hreyfingin hefur samfylkingu sína um dagvistarmál. Þá fyrst rankar Rsh. við sér en hefur á engan hátt staðið sig sem skyldi í þessu samstarfi. (Enda fær 8.mars-hreyfingin þar ágætt tilefni til að benda á dugleysi Rsh. í kvennapólitík). Þessi þróun til afpólitísingar er slæm. Ekki þurfum við að kvarta yfir því að verefnin séu of fá, af nógu er að taka svo sem dagvistunarmál, atvinnumöguleikar eldri kvenna, staða verkakvenna almennt o.s.frv.

Í Rauðsokkahreyfingunni þróast hins vegar kúltúrismi sem er jákvæður og mauðsynlegur en aðeins að vissu marki. Þróunin á þessum síaukna kúltúrismi í Rauðsokkahreyfingunni hefur m.a. orðið vegna þess að pólitísk umræða á spær ekki stað.

Umræður og skoðanaskipti eru ekki hlutir sem raðsokkarþu að hræðast, þvert á móti ef slíkt á sér ekki stað í ákveðnum samtökum er eitthvað að. Þessir hlutir eru eingöngu til að skerpa vitund og pólitískan þroska hvers og eins. Innri mál Rsh. og stefnu verður að taka til gagngerðrar athugasunar ef Rsh. á lífi að halda.

1: VIRKNI

Virgni hins almenna félaga er mjög lítil og öll praktsk vinna lagnadir á fáum herðum. Það reynist erfitt að fá fólk til að leggja eitthvað á sig svo sem að taka vaktir. Sömu leiðis hefur gengið illa að gá fólk til að taka þátt í undirskriftasöfnuninni og hafa margir félagar borið við mjög hjá kátlegum afsökunum. Sú staða sem Rsh. er nú í er uggvæmleg þ.e. í hvernig fólk er til "kjarni" virkra félaga og stór hópur óvirkra félaga. Að mörgu leiti er þessum kjarna að kenna um þessa stöðu, honum hefur ekki tekist sem skyldi að virkja aðra í kringum sig. En hvað um það. Það er staðreynd að sjálfsagi hins almenna félaga í Rsh. er ekki mikill, félögum finnst þeir ekki vera skuldbundnir til að gera eitt eða neitt. Þetta er rangt. Þeir sem í Rsh. eru hafa skyldum að gegna í kvennabaráttunni og því skyldum að gegna í Rsh. Það ætti að minnsta kosti að vara frumskylda hvers félaga er skráir sig í hóp, að starfa í honum.

Hvað sjálfsaga snertir, mættum við að ósekju taka 8. mars hreyfinguna (Eik-ml) okkur til fyrirmyndar (t.d. undirskriftasögnun, sala á Verkalýðsblaðinu)

2. VERKEFNAVAL

Á síðasta þingi Rsh. 14-15. okt. s.l. var samþykkt skipulagsbreyting er felur það í sér að hreyfingin öll einbeiti sér að höfuðverkefni hvert misseri. Þessi skipulagsbreyting felur það því í sér að allar þær sem vettlingi geta valdið koma til staffa. Mæltækið segir: "Margar hendur vinna létt verk". Staðreyndin hefur hins vegar verið sú að vinnan hefur öll lögst á fáar herðar. Það er mikið ábyrgðarleysi félagens að samþykkja slíka skipulagsbreytingu ef hann kemur síðan ekki til starfa.

Á síðasta ársfjórðungsfundi var samþykkt að höfuðverkefni næsta misseris yrði dagvistarmál. Uppi í Sokkholti hangir listi sem félagar geta skráð sig á. Ætlunin er að taka dagvistarmálin frá nýju sjónarhorni það er kröfuna um betri dagheimili.

3. ANDLIT RAUÐSOKKAHREYFINGARINNAR ÚT Á VIÐ

Rauðsokkahreyfingin flaggar því að hún sé mjög lýðræðisleg hreyfing og valddreifð. Samt sem áður eru það alltaf sömu andlitin sem kynna hreyfinguna út á vörð, sömu andlitin sem fungera sem autorítet hreyfingarinnar, en aðrar koma vart til greina. Oft er reynsluleysi hins almenna félaga, kennt um, en ætla mætti að það væri eitt af hlutverkum Rsh. að bæta úr þessu, með stöðugri endurnýjun og með fræðslu um kvennabaráttu og verkalyðsmál.

4. "SKÓLUN"

Það að kunna skil á grundvallarforsendum frelsunar konunnar, kvennabaráttu (sögu), uppruna kvennakúgunar, verkalyðsmálin er mjög nauðsynlegur þáttur í allri framsækinni kvennabaráttu. Mönnum er hætt við að álíta að nægilegt sé að fræða nýliða um þessa hluti en gleyma að "skólun" er nauðsynleg hverjum félaga á hvaða stigi sem hann stendur, einmitt vegna þess að "óskóluðum" félaga hættir til að aðlaga sig að hugmyndum og gagnrýni annarra. Það hefur sýnt sig að félgar í Rsh. eru mjög smeykir við gagnrýni frá 9. mars hreyfingunni, annað afgreiða þeir hana sem sauða og ómerka eða taka hana allt of alvarlega. Ef pólitísk umræða ætti sér stöðugt stað í Rsh. og félgar væru vel inni í kvennapólitíkinni ættu þeir hægara með að rökræða við Eikara og draga þannig upp markalínur milli þeirra og okkar. Umræða sem snýst um það að karpa um keisarans skegg þjónar engum tilgangi fyrir Rsh. eða aðra. Við eigum að gagnrýna þánn pólitíska og "autoritera" grundvöll sem Eikarar standa á.

, 5. FORVITIN RAUÐ

Það hefur alltaf verið erfitt að fá fólk til að vinna við málgagn Rsh. Forvitin Rauð. Útgáfumál hreyfingarinnar þarf að taka til gagngerðar athugunar. Illa hefur gegnið að selja síðasta tölublað og má þar m.a. kenna um skipulagsleysi hvað varðar dreifingu og auglýsingu. Hugmyndir okkar eru þær að formi blaðsins verði breytt og safnað verði áskrifeðum.

Blaðið komi oftast út, verði temablað en þó með þeim málum er eru í brennidepli í þjóðfélaginu hverju sinni. Blaðið verði vel auglýst og sala og dreifing vel skipulögð.

6. KÓRINN

Rsh. hefur tæpast bolmagn til að halda uppi 20-25 manna kór, sem æfir tvisvar í viku. Kórinn hefur lítið gagnast hreyfingunni sem tæki til áróðurs og útbreiðslu, auk þess sem sumir meðlimir hans hafa lítið gagnast hreyfingunni að öðru leyti.

Tillaga okkar er sú að í stað hans komi lítill sönghópur og frumskilyrði hvers þess hóps er kennir sig við Rsh. er að kvennabaráttan sitji í fyrirrúmi. Þess vegna verður meirihluti textanna að vera í þágu kvennabaráttunnar. Meðlimir sönghópsins skulu vera skráðir félagar í Rsh. eða hliðhollir henni.

3. ATKVÆÐISRÉTTUR OG FLEIRA

Í skipulagsplaggi Rsh. 4. lið stendur:

"Atkvæðisrétt hafa þeir sem starfað hafa í hópum, tekið vaktir eða greitt mánaðargjöld, á undangengnu hálfu ári. Við atkvæðagreiðslu ráði einfaldur meirihluti."

Það er vafasamt að fólk hljóti atkvæðisrétt fyrir það eina að borga mánaðargjöld, og geti þannig "keyrt sig inni í hreyfinguna". Leggjum við því til að 4. lið skipulagsins verði breytt.

Við höfum margofterkið okkur á það að erfitt er að ákvarða hver hefur atkvæðisrétt og hver ekki, nægir þar t.d. að benda á síðasta ársfjórðungsfund. Ef Rsh. héldi fast við þetta ákvæði þá hefði enginn með réttu atkvæðisrétt á fundum eða þingum hreyf. að hausti. Við teljum að réttara væri að hafa þetta ákvæði á þá leið, að allir hefðu málfrælsi og tillögurétt á fundum og þingum hreyfingarinnar en þeir einir hefðu atkvæðisrétt sem væru skráðir í hana og hefðu starfað eitthvað innan hennar á undangengnu ári. Þetta verður hins vegar að ræðast og komum við þessu hér með á framfæri til umræðu.

Það er mikil nauðsyn að greinargerðarhópur sá er stofnaður var á síðasta þingi Rsh. taki til starfa. Ef hann ekki gerir það hið bráðasta, verður að mynda annan hóp sem allra fyrst og skili hann af sér fyrir haustið.

Það skal aftur tekið fram að þlaggi þetta er algjört trúnaðar- mál og ber að meðhöndlast sem slíkt.

Við vonum að það vekji alla til umhugsunar um núverandi gafla Rsh. og hvetji alla til þess að leita leiða til að ráða fram úr

vandanum.

Að síðustu koma svo tillögur okkar:

1. Til að stuðla að því að kvennapólitísk umræða eigi sér stað í Rsh. leggjum við til að

a) fundir verði haldnir mánaðarlega til að ræða ástandið í kvennabaráttunni, hér og erlendis og til að ræða ástandið almennt í íslenskum stjórnámum. Frummælendur verði fengnir og orðið látið ganga.

b) í hvert skipti er eitthvert mál er varðar baráttu okkar kemst í brennidepil í þjóðfélagi voru (ss. fóstureyðingar, dagvistarmál o.s.frv.) verði kallaður saman allsherjafundur til að ræða málín og það hvernig Rsh. eigi að bregðast við. Frummælendur verði fengnir og orðið látið ganga.

2. Í hvert skipti er Nýtt tbl. af Forvitinni rauðri kemur út, undirskriftasöfnun er í gangi o.s.frv. verði félagar að gangast undir ákveðna skylduvinnu, hvað varðar sölu o.s.frv.

3. Lögð verði áhersla á að skóla féлага Rsh. í kvenna baráttu og annarri framsækinni baráttu. Verði fundir þeir er talað er um í lið la) og b) notaðir í þessa þágu, en auk þess verði haldin fræðslukvöld með reglulegu millibili og stofnaðir sérstakir fræðsluhópar um ákveðin mál. Á fræðslufundunum verði fengnir frummælendur og orðið látið ganga.

4. Fovitin rauð komi oftast út, formi blaðsins verði breytt, og komið á kerfi áskrifenda. Dreifing, sala og auglýsing verði vel skipulögð.

5. Í stað kórsins komi lítill sönghópur (æskilegt hámark 8-10 manns). Sönghópurinn flytji texta í þágu kvennabaráttunnar, og starfi sem áróðurs og útbreiðslutæki Rsh.

Gjört dagana 13.-15. maí í góðri trú um góðar undirtektir. Guðrún Ögmundsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Margrét Rún Guðmundsdóttir og Sólrún Gísladóttir.